



SIÐAREGLUR

Siðareglur þessar eru samþykktar af stjórn ABC International í þeim tilgangi að hvetja og aðstoða starfsfólk og sjálfboðaliða ABC við að sinna störfum sínum á vandaðan og árangursríkan hátt.

Skrifstofustjóri ABC á hverjum stað er ábyrgur fyrir því að siðareglurnar séu sýnilegar á vinnustað og séu kynntar nýjum starfsmönnum og sjálfboðaliðum.

1. Ábyrgð á vinnustað

- a. Starfsfólk, sjálfboðaliðar og stjórn ABC skulu sinna störfum sínum af kostgæfni og í samræmi við siðareglur og vinnureglur starfsins.
- b. Starfsfólk, sjálfboðaliðar og stjórn ABC skulu leggja sig fram um að ABC sinni hlutverki sínu og að orðstír hjálparstarfsins skaðist ekki.
- c. Starfsfólk, sjálfboðaliðar eða stjórn ABC skulu aldrei leggja skjólstæðinga, stuðningsaðila, aðra starfsmenn eða sjálfboðaliða í hættu með gjörðum sínum eða orðum og skulu á hverjum tíma hegða sér samkvæmt siðareglum starfsins.
- d. ABC barnahjálpi er hjálparstarf óháð stjórnmalaskoðunum þeirra landa sem starfað er í.
- e. Hlutleysi skal því ríkja þegar kemur að ólíkum stjórnmalafylkingum og starfsmenn, sjálfboðaliðar og stjórnarmeðlimir starfsins skulu ekki taka þátt í stjórnmalum viðkomandi landa á meðan starfað er undir merkjum ABC.
- f. Virðing skal höfð að leiðarljósi í samskiptum starfsfólks, sjálfboðaliða og stjórnar ABC. Kynferðisáreiði og einelti er ekki liðið og ekki skal mismuna fólki á grundvelli kyns, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, fötlunar, aldurs, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra þátta.
- g. Starfsfólk, sjálfboðaliðar og stjórn ABC skulu fara vel með fjármuni og önnur verðmæti sem þeim er trúað fyrir eða þeir hafa til umráða vegna starfs síns og nota þau ekki í þágu einkahagsmuna sinna.

2. Ábyrgð gagnvart stuðningsaðilum

- a. Starfsfólk og sjálfboðaliðar ABC skulu veita stuðningsaðilum góða þjónustu og sinna samskiptum við þá samviskusamlega og af virðingu.
- b. Fyllsta trúnaðar og nafnleyndar skal gætt við styrktaraðila, nema um annað sé rætt. Starfsfólk, sem hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum styrktaraðila, skal



- gæta fyllstu varúðar hvar og hvenær sem málefni styrktaraðila eru til umræðu og meðhöndla gögn sem innihalda trúnaðarupplýsingar af varúð.
- Starfsmenn skulu ekki nota trúnaðarupplýsingar styrktaraðila sér til framdráttar eða í þágu einkahagsmuna sinna.
 - Starfsfólk og sjálfboðaliðar ABC skulu ekki mismuna stuðningsaðilum á grundvelli kyns, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, fötlunar, aldurs, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra þátta.
 - Engar sérstakar fyrirgreiðslur skulu veittar á grundvelli persónulegra tengsla.

3. Ábyrgð gagnvart samstarfsaðilum á vettvangi og þiggjendum stuðnings

- Reglur um aðstoð skulu vera skýrar og aðstoð skal veitt á grundvelli þarfar eins og það er skilgreint í samningi á milli söfnunarskrifstofu og vettvangsskrifstofu.
- Fyllstu hlutlægni skal gætt við útteilingu fjármuna.
- Engar sérstakar fyrirgreiðslur skulu veittar á grundvelli persónulegra tengsla eða af tilfinningalegum ástæðum.
- Meðferð og birting persónuupplýsinga og myndefnis af skjólstæðingum ABC skulu vera samkvæmt verklagsreglum starfsins.
- ABC starfar í anda kristinnar trúar og virðir trú, menningu og siði þiggjenda stuðnings. Engar trúar- eða menningarvenjur verða þó taldar ofar grundvallar mannréttindum og réttindum barna eins og þau eru skilgreind í mannréttinasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

4. Ábyrgð og gegnsæi í meðferð fjármuna

- Starfsfólk og sjálfboðaliðar ABC skulu ekki afla styrkja með ólögætum hætti eða með blekkingum og skulu fara í öllu eftir verklagsreglum um fjáraflanir.
- Starfsfólk og sjálfboðaliðar ABC skulu ekki veita styrkjum viðtöku ef minnsti grunur leikur á að peningunum hafi verið aflað með ólögætum hætti.
- ABC barnahjálpi skal leitast við að vera gegnsætt í starfi sínu. Leitast skal við að styrktaraðilar viti hvernig fjármunum þeirra sé varið. Sömuleiðis skulu starfsmenn ekki gefa ósannar eða misvísandi upplýsingar.
- Starfsfólk ABC skal leitast við að halda rekstrarkostnaði í lágmarki.
- Allar færslur á fjármunum skulu skráðar með viðeigandi hætti og skal allt reikningshald vera undir innra og ytra eftirliti. Öll gögn ABC skulu vera tiltæk til endurskoðunar á hverjum tíma.



- f. Sé grunur um að grunnreglur um meðferð fjármuna hafi verið brotnar þannig að það hafi með beinum eða óbeinum hætti á starf ABC, skal það tilkynnt framkvæmdastjóra ABC á hlutaðeigandi skrifstofu sem ber ábyrgð á rannsókn málsins.

5. Ábyrgð gagnvart almenningi og fjölmiðlum

- a. Í samskiptum við fjölmiðla, fréttastofur og almenning skal fyrst og fremst gæta þess að réttar upplýsingar komi fram. Trúverðugleiki og gegnsæi ABC er lykillinn að því að efla og treysta orðstír starfins og ímynd þess út á við.
- b. Þegar starfsfólk, sjálfboðaliðar og stjórnarmeðlimir ABC koma fram undir merkjum ABC skulu þau ekki tjá sig á opinberum vettvangi um stjórnsmál þeirra landa sem ABC starfar í.
- c. Starfsfólk, sjálfboðaliðar og stjórn ABC gæta þess að upplýsingar um samtökin og tengd verkefni séu réttar og eins nákvæmar og kostur er. Það fullyrðir ekki meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni, heldur viðurkennir hvenær þekking þess er takmörkuð og vísar fyrirspurnum til viðeigandi aðila.

6. Ábyrgð gagnvart öðrum hjálparsamtökum

- a. Heiðarleika, virðingu og trúnaðar skal gætt í samskiptum við önnur hjálparsamtök og þess gætt að sameiginleg markmið verði höfð að leiðarljósi í fjáröflunum og kynningu.

Viðbrögð við brotum á siðareglum ABC

Ef vafamál koma upp er varða siðareglur þessar skal vísa málinu til stjórnar ABC International.

Ef starfsmaður verður þess áskynja að reglurnar hafi verið brotnar skal hann gera viðvart um það með því að beina erindi til framkvæmdastjóra ABC eða að öðrum kosti til stjórnar ABC á hlutaðeigandi skrifstofu. Rökstudd ásökun um brot á siðareglum má aldrei bitna á þeim sem færir hana fram ef hún er gerð í góðri trú.